

EIGNALISTINN

fasteignasala www.eigna.is
 Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609
 í húsi Máls og Menningar eigna@eigna.is

OPIÐ HÚS

LAUGAVEGUR 27- MIÐBÆR



Glæsilegt lítið einbýlishús sem er í dag nýtt undir gallery og vinnustofu. Húsið býður upp á að hafa verslun, vinnustofu eða heimili. Húsið er staðsett við miðjan Laugaveg á góðum stað. Húsið er skráð sem íbúðarhúsnæði, en í því hefur ýmist verið íbúð eða þjónusta gegnum árin. Húsinu var töluvert breytt 1999 og er í góðu ástandi. Möguleiki að setja húsbúð á eignina.

Verð 9,9 millj. Áhv. ca 3,8 m.

Guðbjörg tekur á móti þér og þínum í dag milli kl. 16 og 18.

www.eigna.is Sími: 530 4600

GÓÐ FJÁRFESTING VERKTAKAR - BYGGINGAMEISTARAR



Til sölu í smíðum 800 fm uppstept íðnaðar- og skrifstofuhúsnæði á efri hæð í vesturbænum í Reykjavík. Hæðin skiptist í þrjú sjálfstæða eignarhluta, tveir 300 fm og einn 200 fm. Áhv. 18,5 millj. á 7,75% vöxtum. Með í kaupnum fylgir 11,0 milljóna kr. framkvæmdafé. Allar nánari upplýsingar eingöngu á skrifstofu Ásbyrgis fasteignasölu.



Suðurlandsbraut 54,
við Faxafen, 108 Reykjavík.
Sími 568 2444, fax 568 2446.

Inngilefur Einarsson löggiltur fasteignasali

EIGNAMIDLUNIN

Sími 588 9090 • Fax 588 9095 • Síðumúla 21

Ekursmári



Sérlega glæsilegt 168 fm endaraðhús með innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað ofarlega í Smáranum. Eignin skiptist í forstofu, þrjú herbergi, sjónvarpstofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og stofu. Garðurinn er gróinn og fallegur með stórum timburverönd. Parket og flísar á gólfum og vandaðar innréttingar. Hiti er í plani og svalargólf. V. 22,9 m. 2857

Skólabraut - Seltjarnarnes

Rúmgott og vel skipulagt um 160 fm mikið endurnýjað parhús á 2 hæðum á góðum stað á Nesinu. Húsið skiptist m.a. í 5 herbergi, stofu, borðstofu, 2 baðherbergi, eldhús o.fl. Fallegur og vel hirtur garður er fyrir framan húsið og timburverönd við inng. Parket á gólfum. V. 19,9 m. 2820

EINBÝLI

Stór eign í algjörum sér-flokki á frábærum stað

Virðulegt hús, samtals um 370 fm, á tveimur hæðum ásamt tvöföldum bílskúr og stóru upphitudo gróðurhúsi til sölu. Eignin stendur á opnu svæði umlúkin grónum garði með háum grenitrjám á einum besta stað í Hafnarfirði. Glæsilegar stofur, 6 svefnherb., 3 snyrtiherb. og góðar innr. í kjallara er góð köld geymsla. Þetta er eign með sterkan karakter. Staðurinn er sérstæður, skjólsæll með opin framtíðarsvæði á þrjú vegu og fallegt útsýni. V. 32,4 m. 2784

4RA-6 HERB.

Hverfisgata - laus strax

4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýli við Hverfisgötu. Íbúðin skiptist í stofu, þrjú svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Dúkur á gólfum, eldri innr. og suðursv. V. 8,9 m. 2845

3JA HERB.

Engihlíð - 3ja herb.

Skemmtileg 3ja herb. samþykkt risibúð sem skiptist í tvær saml. skiptanlegar stofur, eitt herb., eldhús og bað. Húsið er nýsteynt og í góðu ástandi. Hagstætt verð. V. 7,8 m. 2826

2JA HERB.



Trönuhjalli - útsýni

Mjög glæsileg 67 fm 2ja herbergja íbúð í blokk með fallegu útsýni sem nýbúð er að gera við að utan. Eignin skiptist m.a. í hol, baðherbergi, eldhús, stofu og herbergi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 9,8 m. 2858

Kötlufell - laus

Erum með í einkasölu snyrtilega og bjarta u.p.b. 68,7 fm íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Húsið er klætt að utan og getur íbúðin losnað fljótlega. V. 7,9 m. 2856

SKOÐUN

VEGNA LISTSÖGU-FRÆÐINGS

Eftir Braga Ásgeirsson

LISTSÖGUFRÆÐINGURINN Halldór Björn Runólfsson sendir mér undarlegar kveðjur hér í blaðinu sl. laugardag. Las þær nýkominn til landsins frá Lissabon og Kaupmannahöfn síðdegis á sunnudag. Þótti býsn og furða og mjög í skjön við heiðbjört og undursamleg sköp landsins daginn þann, sem þéttingsfast tóku í hönd ferðalangansins.

Fyrir hið fyrsta kemur mér harla spánskt fyrir sjónir, að hinn lærði sagnfræðingur á myndlistir skuli nefna mig; eitt margreynda bændiprik þjóðarinnar í myndlist. Segir mig jafnframt hafa farið heilan hring í kringum Carnegie-sýninguna í umfjöllun minni, sem hann nefnir; Gagnrýni án umfjöllunar! Einhver blakkur þúki virðist hafa hlaupið í sagnfræðinginn, því hugtakið bændiprik vísar helst til grófrar miðstýringar- og forræðisárattu, sem ég hef alla tíð forðast sem heitan eld jafnt í kennslu sem rýnisskrifum. Hlutlæg miðlun þekkingar og yfirsýn hér vonandi sannverðugari skilgreining, þó á stundum sé að sjálfsgöðu vísað til þess sem betur má fara um verk fólks á mótunarskeiði. Þá taldi ég framkvæmdina sjálfa í heild sinni veigamesta atriðið og ósanngjarni að fjalla um listaverkin á sama grunni og um væri að ræða almenna sýningu og/eða norræna uppstokkun. Einkum fyrir mismörg verk þátttakenda, þekking mín á ferli þeirra að auk mismikil, harla litil í sumum tilvikum, hendur mínar þannig bundnar. Þannig sá ég fleiri hlíðar á verðlaunahafanum Troels Wörsel á sýningu í listhúsi Susanne Ottesen á Gøthersgade í Kaupmannahöfn á föstudag (8. nóv.) og þakkaði skaparanum fyrir að hafa ekki dregið fljótfernislegar ályktanir af framlagi hans. Þótti sá gjörningur að mála á bakhlíð striga festan á blindramma og gera að aðalatriði í sjálfu sér ekki ýkja frumlegur eða ógrandi, enda ófáir gert það í árána rás. Einn hinn fyrsti var sautjándi aldar malarinn Cornelis Norbertus Gysbrechts og leikurinn ekki galgengur á síðustu öld sbr. ameríska malarann Jasper Johns og marga fleiri. Þá þekkti ég stórum betur til listar einstakra en annarra, hafði til að mynda fjallað um heila sýningu Lenu Cronqist í kjallarasölum Norræna hússins, og aðskiljanlegar hvað snerti Georg Guðna og Kristínu Gunnlaugsdóttur, hins vegar ekki Kristínar Sigurðardóttur en framlag hennar taldi ég naumast skara málverkíð sem er í sjálfu sér enginn áfellsíðmur, hvað þá nið! Kannski táknrænt að Lars Nittve staðnæmdist sýnu lengst við innsetningu hennar hvað framlag Íslendingana snerti.



„Ég hafna algjörlega að hafa í listrýni minni verið að niða

Carnegie-verðlaunin eða nokkurn mann.“

Mér þótti eðlilegast að kryfja framkvæmdina í heild sinni fyrir þá sök að satt að segja hefur hún sætt gagnrýni sem hefur orðið háværari hin síðari ár. Þetta eru verðlaun kennd við málverk og án efa eyrnamerkt þeim stefnumörkum að auka veg þess og ris, en mörgum hefur fundist sum verðlaunaverk hér áður eiga lítið skylt við hugtakið. Út úr þessu hefur Lars Nittve, frá upphafi formaður dómnefndar, snúið sig giska fimlega opinberlega, með því að segja nefndina leggja það í hendur listamanna sjálfra að skilgreina verk sín! Telst þó að sjálfsgöðu einfaldlega afsal ábyrgðar. Margur hefur tekið hann á orðinu og skyndilega reyndust verk sem áður voru skilgreind hreint hugmyndafræðilegs eðlis, orðin að málverki og þeim lyft á stall sem slíkum, jafnvel verðlaunuð. Höfundarnir þó fyrirum svarnir andstæðingar og í framvarðsveit niðurrifsmanna málverksins, jafnframt því að sumir sem beðnir voru að tilnefna listamenn, í ljósi meintrar þekkingar og yfirsýn, höfðu áður margsinnis lýst því yfir að dagar málverksins væru taldir sem númiðils, það fullkomlega út úr myndinni! Sýnu alvarlegra að einmitt var tekið mark á ábendingum þeirra um leið og lítið var fram hjá tilnefningum hinna sem allt sitt líf höfðu verið tengdir og vígðir málverkinu, mat viðkomandi ómerkt og litilsvirt. Má vera skiljanlegt að nokkrir þeir síðastnefndu hafa frábeðið sér öll afskipti af framkvæmdinni í núverandi formi, vilja hana gagnsærri, þar á meðal skrifari sem seint um síðir var kallaður til leiks, þ.e. 2001, en lítið framhjá öllum hans tilnefningum. Þá hefur það þótt orka tvímælis að meðal þjóða sem eiga marga frambærilega málara skuli nokkrum einstökum haldið endurtekið fram, einkum þeim sem hafa áhrifamikil listhús eða fræðinga að bakhjarli, en gengið fram hjá fjölda annarra. Spurn er þá hvað verið sé að mæra og verðlauna; málverkíð, málarana, listhúsin, fræðingana, eða skoðanir nefndarmanna.

Einn af fyrrum yfirlýstum andstæðingum málverksins sem númiðils og ratað hefur alla leið í dómnefnd, er einmitt nefndur Halldór Björn Runólfsson listsögufræðingur. Nemendur mínir í málunardeild MHÍ hermdu

mér í óspurðum fréttum af óviðurkvæmlegum áróðri hans gegn málverkinu og málaraeidd skólans í lista-sögutímum sínum á miðjum síðasta áratug, sem var grafarlarlegt mál. Þá má vísa til rýni hans á einstaka sýningar, þar sem fræðingurinn sást ekki fyrir í ákafa sínum að valta yfir málverkíð og einskis sveifst. Jafnvel þótt þær væru settar upp í tilefni mikilla tímamóta í lífi gróinna listamanna líkt og gerðist um gjörning Benedikts Gunnarssonar í Gerðarsafni nokkrum árum seinna, og verður að telja lágkúrlegt athæfi. Ekki orð um feril listamannsins eða störf hans sem kennara við MHÍ, Kennaraháskólann og í félagsmálum myndlistarmanna, honum einfaldlega gefin ráð (bent á) hvernig hann gæti málað betur!

Auðvitað eru það sjálfsgöð mannréttindi að mega skipta um skoðun, en í þessu tilfalli er spurn hvaða forsendur liggja að baki sinnaskiptunum, og maður sem vikur að skotgrafaherndi í grein hér í listakálfi blaðsins laugardaginn 20. október, ætti fyrir ofanskráð helst að líta í eigin barm. Í öllu falli ber allt keim af því að forsendur skoðanaskiptanna séu síður HBR sjálfs, mun frekar fyrrnefnd yfirlýsing og dagsskipan Lars Nittves.

– Gefum okkur að söngvari nokkur troði upp í tónlistarhúsi, en í stað þess að hefja upp raust sína stíll hann upp málverkum víðsvegar um sviðið. Spyrji svo viðstaddir furðu lostnir hvað hann meini með þessu og hver sé tilgangurinn, lítur hann með mikilli vandlætingu og yfirlæti niður til þeirra og segir: Greinið þið ekki gott fólk, að hér syngja litir og hafa sitt glissando og furioso, línur og form tónast í góðu samræmi um allan myndflötinn í hverju einstaka verki. Vitaskuld væri ekki með öllu mögulegt að rengja söngvarann og sama má segja um verk hugmyndafræðilegs eðlis sem fyrir hentisemi breytist í málverk vegna þess að einn eða fleiri litir eru í því. Hræddur er ég þó um að einhverjir myndu hætta að láta sjá sig í tónleikahöllum er hefðu slíkar, söngskemmtanir og aðra framninga, helst á dagskrá. Þetta hefur nú einmitt gerst um listhús sem upprunalega voru byggð yfir myndlist, einkum málverk, sem hafa mikið til úthýst þeim miðli en bjóða upp á myndbönd, innsetningar, hljóðverk, hönnun, smíðisverk, upplestur, uppákomur, leikræn atriði, sjálfssfróanir o.fl. Þetta er kjarni málsins og ég hafna algjörlega að hafa í listrýni minni verið að niða Carnegie-verðlaunin né nokkurn mann, einungis segja álit mitt á hlutunum; hreint beint og undanbragðalaust eins og þeir komu og koma mér fyrir sjónir ...

Höfundur er listmálari og gagnrýnandi.

Ásmundur Skeggjason lögg. fasteignasali
Runólfur Gunnlaugsson víðsk. og lögg. fasteignasali

HÖFÐI

FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
www.hofdi.is Sími 533 6050

Opið hús - Kambuvegur 30

- Neðri sérhæð með aukaíbúð

Í dag verður til sýnis gullfalleg neðri sérhæð í tvíbýli í þessu rótgróna og vinsæla hverfi. Íbúðin er vel skipulögð, 124 fm á einni hæð ásamt 32 fm bílskúr, sem í dag er innréttaður sem einstaklingsíbúð. Einstaklega þægileg íbúð með allt sér. Sérlega fallegur og sólríkur garður í fullri rækt. Áhvilandi

húsbúð 6 millj. Verð 16,9 millj.
Ágústa tekur á móti þér og þínum í dag á milli kl. 14:00 og 17:00.

Opið á skrifstofu okkar á Suðurlandsbraut 20 í dag milli kl. 14 á 16. Sími 533 6050.

www.avon.is
Snyrtivöruverslun
opin allan sólarhringinn

HÚSASKILTI

STAKKHAMAR
2

Vönduð ryðfrí hútaskilti
Fjölbreytt myndaval

18. nóvember er
síðasti pöntunardagur fyrir jól

Klapparstíg 44,
sími 562 3614